

Meginmarkmið tillagna Vinstri grænna er að endurheimta efna-
hagslegan stöðugleika, verja stöðu heimilanna og kaupmátt launa.

Í því skyni leggja Vinstri græn meðal annars til:

- 📌 að húsaleigu- og vaxtabætur verði stórauknar
- 📌 að komugjöld og sjúklingaskattar í heilbrigðiskerfinu verði afnumin
- 📌 að skólagjöld í opinberum skólum verði afnumin
- 📌 að kjör elli- og örorkulífeyrisþega verði stórbætt
- 📌 að hið opinbera þjóði skattfrjálsan sparnað
- 📌 að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaga um 5 milljarða gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- 📌 að verja allt að 5 milljörðum til eflingar byggðarlaga sem glíma við samdrátt meðal annars til að skapa konum störf, vinna gegn kynbundnum launamun og búferlaflutningum.
- 📌 að verja 3 milljörðum til að auka fjölbreytni og nýsköpun í atvinnumálum, styðja við ferðaþjónustu og landbúnað og byggja upp þjóðgarða.
- 📌 að stöðva stóriðju- og stórframkvæmdir en grípa þess í stað til aðgerða á sviði umhverfis- og velferðarmála
- 📌 að auka gjaldeyrisvarafordann og styrkja eigið fé Seðlabankans með innlendu skuldafjárútboði.
- 📌 að setja á stofn Þjóðhagsráð sem veitir stjórnvöldum ráðgjöf, metur framvindu og horfur í þjóðarbúskapnum og gefur mánaðarlega álit um stöðu mála.
- 📌 að leggja grunn að sjálfbærri þróun í orkubúskap landsmanna.

